Ed. **260. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 47, 3. nóv. 1915 [*Útflutningur hrossa*].

(Eftir 2. umr. i Ed.).

1. gr.

Lagagreinin orðist svo:

Hross má eigi flytja frá Íslandi til útlanda á timabilinu frá 15. nóvember til 15. júni, nema sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi og að fengnu samþykki stjórnarráðsins, og eigi á þilfari á öðrum timum árs en frá miðjum júni til ágústmánaðarloka. Þó má aldrei leyfa útflutning mánuðina apríl og mai.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar i stað og gilda til 31. mars 1924.